



Borgarráð

### **Samkomulag milli ríkis og Reykjavíkurborgar um byggingu þjóðarhallar í Laugardal**

Lagt er til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að samkomulagi á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um byggingu og rekstur þjóðarhallar í Laugardal.

Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að veita borgarstjóra umboð til að ganga frá samkomulaginu við fulltrúa ríkisins um verkefnið byggingu og rekstur þjóðarhallar.

Erindið er trúnaðarmerkt fram yfir undirritun samkomulags sem áætlað er í lok vikunnar og verður trúnaði aflétt eftir undirritun.

Greinargerð:

Með viljayfirlýsingu, dags. 6. maí 2022 milli ríkis og Reykjavíkurborgar var samþykkt að hefja undirbúning að byggingu þjóðarhallar í innanhúsiþróttum í Laugardal. Með erindisbréfi mennta – og barnamálaráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 8 ágúst 2022 var skipaður starfshópur um undirbúning uppbyggingar þjóðarleikvanga í íþróttum skipaður fulltrúum ráðuneyta og Reykjavíkurborgar.

Framkvæmdanefnd um uppbyggingu þjóðarhallar í innanhússiþróttum hóf störf 10. ágúst 2022. Hlutverk framkvæmdanefndar var að leiða vinnu vegna hönnunar, útboðs og hvernig staðið yrði að fjármögnun þjóðarhallar og undirbúa ákvörðun um útfærslu og rekstrarform. Í janúar 2023 kynnti framkvæmdanefndin skýrslu og frumathugun um þjóðarhöll í Laugardal.

Á fundi borgarráðs þann 12. janúar 2023 var samþykkt að veita borgarstjóra umboð til að ganga til samninga við ríkið um verkefnið, þ.m.t. stofnkostnað og rekstur þjóðarhallarinnar

Nú liggja fyrir drög að samkomulagi á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um þjóðarhöll í Laugardal.

Áætlað er að stofnkostnaður við þjóðarhöllina, samkvæmt frumathugunum framkvæmdanefndarinnar, verði kr. 15.0 milljarðar og kostnaðarskipting milli aðila verði með þeim hætti að ríkið greiði 55% og Reykjavíkurborg 45%. Þá er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg greiði 60% af rekstrarkostnaði og ríkið 40% og að tekið verði mið af áætlaðri tímanotkun aðila. Gert er ráð fyrir að kostnaðarskiptingin verði tekin til endurskoðunar að loknum fyrstu tveimur árum af rekstri þjóðarhallarinnar.

Gert er ráð fyrir að stofnað verði einkahlutafélagið Þjóðarhöllin ehf., sem fari með eignarhald þjóðarhallarinnar og semji við Íþrótt- og sýningarhöllina hf. um samrekstur þjóðarhallar og Laugardalshallar.



Reykjavíkurborg

Framkvæmdanefnd um byggingu þjóðarhallar, er samkvæmt ofangreindu samkomulagi heimilað að auglýsa eftir þátttakendum um hönnun og framkvæmd vegna uppbyggingu þjóðarhallar og stefnt verði að því að gengið verði frá samningum um hönnun og byggingu þjóðarhallar fyrir 1.júní 2024.

Á síðari stigum verður gert samkomulag milli ríkis og Reykjavíkurborgar um sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu og rekstri þjóðarhallar. Stefnt verði að því að ljúka samningum að lokinni samkeppni um hönnun og byggingu þjóðarhallar þegar endanlegt fyrirkomulag mannvirkisins liggur fyrir.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag um þjóðarhöll í Laugardal milli ríkis og Reykjavíkurborgar, drög – trúnaðarmál.

Vinnuskjal framkvæmdanefndar vegna samkomulags um þjóðarhöll – trúnaðarmál.

## Samkomulag um byggingu Þjóðarhallar í Laugardal

Með erindisbréfi mennta- og barnamálaráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur dags. 8. ágúst 2022, var skipaður starfshópur um undirbúning uppbyggingar Þjóðarleikvanga í Íþróttum. Starfshópurinn hefur síðan þá unnið að tillögu um kostnaðarskiptingu milli ríkis og Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar Þjóðarhallar í Íþróttum. Tillagan byggist á viljayfirlýsingu milli ríkis og Reykjavíkurborgar, dags. 6. maí 2022 og þeim upplýsingum sem unnar hafa verið af framkvæmdanefnd um verkefnið og birtist í frumathugun framkvæmdanefndar um Þjóðarhöll í Laugardal sem kynnt var þann 16. janúar 2023.

Tillaga starfshópsins byggist á kostnaðaráætlun og þörfum samkvæmt frumathugun framkvæmdanefndar og fylgigögnum dags. í desembermánuði 2022, ásamt frekari greiningum sem gerðar hafa verið til dagsins í dag og uppfylla þær þarfir sem fram koma í framangreindri viljayfirlýsingu dags. 6. maí 2022.

Starfshópurinn er einhuga um að mannvirkið muni nýtast mjög vel sem Þjóðarhöll í Íþróttum og uppfylli allar kröfur sem gerðar eru fyrir landslið Íslands í þeim íþróttagreinum sem Ísland stendur framarlega í á heimsvísu. Þjóðarhöllin mun einnig nýtast íþróttafélögum og skólum í nágrenni Laugardals fyrir skólaíþróttir, æfingar og keppni. Þjóðarhöllin verður einnig mikilvæg miðstöð fyrir íþróttastarfsemi háskóla, afreksíþróttar og almenningsíþróttar. Að auki mun Þjóðarhöllin nýtast sem menningarhús og sýningarhöll fyrir menningarlíf og atvinnulífið í heild. Vegna möguleika á samnýtingu á húsakosti, aðstöðu og samlegðaráhrifa munu opnast fjölmörg tækifæri til viðburða í Laugardalnum. Niðurstaða starfshópsins tekur mið af öllum þessum mikilvægu þáttum og fram hafa komið í vinnu framkvæmdanefndarinnar. Með tillögunni telur starfshópurinn að þeim markmiðum sem stefnt er að með byggingu Þjóðarhallar í Íþróttum verði náð.

### Tillaga starfshópsins um stofnkostnað, eignarhald og fyrirkomulag rekstrar er eftirfarandi:

Heildarkostnaður vegna uppbyggingarinnar samkvæmt frumathuguninni er áætlaður kr. 15 milljarðar (ma.kr.). Þjóðarhöllin verði í eigu Þjóðarhallar ehf. sem verði í 55% eigu ríkis og 45% í eigu Reykjavíkurborgar. Ríki og Reykjavíkurborg hafa hvort um sig lagt fram kr. 100 milljónir í undirbúningskostnað. Þau framlög duga til þess að standa undir áföllnum kostnaði við undirbúning og frumathugun, forval teyma um hönnun og framkvæmd, greiðslur vegna samkeppni valdra teyma og aðra ráðgjöf og dómnefndarstörf vegna samkeppni.

### Nánar um tillögu starfshópsins:

- Kostnaðarskipting á framkvæmdakostnaði sem áætlaður er 15. ma.kr. verði að ríkið fjármagni 55% og Reykjavíkurborg 45%.
- Stofnað verður einkahlutafélagið Þjóðarhöllin ehf. Hvor eignaraðili um sig mun eiga tvo af fimm fulltrúum í stjórn Þjóðarhallar ehf. Eigendur munu sammælast um óháðan oddamann í stjórn sem jafnframt mun gegna hlutverki stjórnarformanns. Stefnt verði að því að Þjóðarhöll ehf. geri í kjölfarið samkomulag við Íþróttar- og sýningahöllina hf. um sameiginlegan rekstur Þjóðarhallar og Laugardalshallar.

Samkomulag verði gert milli ríkis og Reykjavíkurborgar um lágmarks hlutfallslegt rekstrarframlag til Þjóðarhallar ehf, Gert er ráð fyrir tekjustreymi vegna margvíslegra viðburða. Framlag ríkis og Reykjavíkurborgar tekur m.a. mið af áætlaðri tímanotkun aðila í Þjóðarhöll. Gert er ráð fyrir að ríkið greiði árlega 40% af áætluðum rekstrarkostnaði Þjóðarhallar og Reykjavíkurborg 60%. Að tveimur rekstrarárum Þjóðarhallar liðnum verður rekstrarframlag ríkis og Reykjavíkurborgar endurskoðað með tilliti til raun tímanotkunar hvors aðila. Nánar er gerð grein fyrir grunnforsendum rekstrarframlaga frá ríki og Reykjavíkurborg í vinnuskjali framkvæmdarnefndar um byggingu Þjóðarhallar sem er fylgiskjal þessa samkomulags.

- c. Gert er ráð fyrir að upphæðir settar fram í þessu samkomulagi ríkis og Reykjavíkurborgar verðbætist m.v. desember 2022 þegar kostnaðaráætlun lá fyrir og kynning á niðurstöðum frumathugunar átti sér stað.
- d. Verði framkvæmdin undir áætluðum verðbættum kostnaði munu framlög ríkis og Reykjavíkurborgar lækka sem því nemur. Fari framkvæmdin framúr áætluðum verðbættum kostnaði munu framlög ríkis og Reykjavíkurborgar hækka sem því nemur í sömu hlutföllum og í lið a.
- e. Framkvæmdanefnd um byggingu þjóðarhallar er heimilt í samráði við Framkvæmdasýslu - Ríkiseignir að auglýsa eftir þátttakendum í samkeppni um hönnun og framkvæmd þjóðarhallar. Stefnt verði að því að gengið verði frá samningum um hönnun og byggingu þjóðarhallar fyrir 1. júní 2024.
- f. Ýtarlegra samkomulag verði gert milli ríkis og Reykjavíkurborgar um sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu og rekstri. Stefnt skal að því að ljúka samningum að lokinni samkeppni um hönnun og byggingu þjóðarhallar þegar endanlegt fyrirkomulag mannvirkisins liggur fyrir.

Reykjavík, september 2023

Katrín Jakobsdóttir  
forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson  
fjármála- og efnahagsráðherra

Ásmundur Einar Daðason  
mennta- og barnamálaráðherra

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

## Vinnuskjal framkvæmdanefndar vegna samkomulags um Þjóðarhöll

Grunnforsendur vegna skiptingar rekstrarkostnaðar Þjóðarhallar samanber samkomulag um Þjóðarhöll.

- Samkvæmt líftímagreiningu (LCC-greiningu) Verkís er áætlaður kostnaður vegna rekstrar- og viðhaldskostnaðar Þjóðarhallar árlega 340 milljónir. Í rekstrarforsendum er tekið tillit til kostnaðar við þjónustu, starfsmannahalds, öryggisvörslu, fasteignaskatta, orkukostnaðar og viðhalds mannvirkis og búnaðar.
- Ríki og borg þurfa að tryggja lágmarks hlutfallslegt rekstrarframlag til Þjóðarhallar ehf. til að tryggja rekstrargrundvöll Þjóðarhallar.
- Gert er ráð fyrir að við ákvörðun skiptingar heildar rekstrarkostnaðar milli ríkis og borgar verði tekið tillit til eftirfarandi grunnfensenda:
  - Eftirspurn eftir tímum í Þjóðarhöll fyrir íþróttir og kennslu hvors aðila fyrir sig (sérsambönd, afreksíþróttir, skólar og íþróttafélög í Reykjavík)
  - Tekna Reykjavíkurborgar vegna fasteignaskatta af mannvirkinu
  - Tekna ríkisins í formi virðisaukaskatts af útleigu vegna viðburða og veitingasölu og fl.
  - Samlegðaráhrif í sameiginlegum rekstri Þjóðarhallar og Laugardalshallar
  - Krafna alþjóðasamtaka (IHF og FIBA) um lágmarksaðstöðu
  - Eignarhald mannvirkisins og staðsetningar (ímynd)
- Að teknu tilliti til ofangreindra grunnfensenda eru ríki og Reykjavíkurborg sammála um að kostnaðarskipting milli ríkis og Reykjavíkurborgar um lágmarks hlutfallslegt rekstrarframlag til Þjóðarhallar ehf. verði eftirfarandi:

Kostnaður 340 milljónir:

Reykjavíkurborg greiðir 60%      204 m.kr.

Ríkið greiðir 40%                      136 m.kr.

Reykjavík, september 2023